

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi

Lagt er til að borgarstjórn samþykki tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga með vísan til auglýsingar nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Borgarráð fer þannig með sömu heimildir og borgarstjórn hefur fram að næsta reglulega fundi borgarstjórnar þann 21. apríl með sömu skilyrðum og í sumarleyfi borgarstjórnar samkvæmt 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Á þessum tíma verður jafnframt heimilt að nota fjarfundabúnað á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða samkvæmt B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og annarra nefnda samkvæmt B-lið 64. gr. samþykktarinnar, eftir því sem við á. Notkun fjarfundabúnaðar skal að jafnaði vera í samræmi við ákvæði í leiðbeiningum um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013 þó þannig að meirihluti fundarmanna þarf ekki að vera á boðuðum fundarstað eins og fram kemur í 5. gr. Einnig verður fundargerð borgarstjórnar áfram staðfest og yfirfarin af forseta borgarstjórnar og skrifurum, í samræmi við ákvæði 8. gr. leiðbeininganna.

Greinargerð:

Alþingi hefur samþykkt breytingar á sveitastjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins. Samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, sem gildir til 18. júlí 2020, er sveitastjórnnum heimilt að taka ákvarðanir til að bregðast við ástandinu. Í tillöggunni sem er lögð fyrir borgarstjórn er gert ráð fyrir að fjarfundabúnaður verði heimilaður á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða og annarra nefnda Reykjavíkurborgar til 21. apríl þegar næsti reglulegi fundur borgarstjórnar verður haldinn. Ef nauðsyn krefur verður heimildin framlengd á þeim fundi. Jafnframt er kveðið skýrt á um það að borgarráð mun fara með öll verkefni borgarstjórnar á tímabilinu með sömu skilyrðum og gilda í sumarleyfi borgarstjórnar. Til að virkja þessar heimildir þarf borgarstjórn að taka um það sérstaka ákvörðun en slíkar ákvarðanir er heimilt að taka á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.